I. Til fjármálaráðherra um greiðslu vinnulauna við mötuneyti framhaldsskóla.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Hefur verið áætlað og reiknað út, hver mundi verða kostnaður ríkisins af greiðslu vinnulauna við mötuneyti nemenda við framhaldsskóla landsins? Ef svo er — hve hárri upphæð nemur sá kostnaður?

II. Til menntamálaráðherra um fréttasendingar til skipa.

Frá Pétri Sigurðssyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Hver var kostnaður Ríkisútvarpsins vegna morsefréttasendinga til skipa árið 1979 og 1980?
2. Hver var launakostnaður vegna þessarar þjónustu og hvernig skiptist hann milli deilda?
3. Hver er áætlaður kostnaður við stuttbylgjutalsendingar frétta á árinu 1981?

III. Til dómsmálaráðherra um björgunarlaun til varðskipa ríkisins.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hver eru heildarbjörgunarlaun varðskipa ríkisins á árunum 1979 og 1980 og hve hár hluti hefur komið í hlut eftirtalinna aðila:

A) Landhelgissjóðs?
B) Landhelgisgæslunnar sem útgerðaraðila?
C) Áhafnar skipanna?
D) Annarra?